



# Leikskólinn Núpur

## Starfsáætlun 2016-2017



## Efnisyfirlit

Um leikskólann .....	4
Námskrá – stefna – uppeldislegar áherslur- skipulag.....	4
Sjálfstæði:.....	4
Sköpun: .....	4
Samvinna:.....	5
Gleði: .....	5
Dagur í Núpi .....	5
Flæði.....	6
Snillikennsla .....	6
Meistaraverkefni.....	6
Matsaðferðir .....	6
Starfsmannastefna.....	6
Stefna vegna foreldrasamstarfs.....	6
Stoðþjónusta.....	7
Mat á starfi sl. starfsárs-niðurstöður .....	7
Foreldrakönnun að hausti .....	7
Endurmat deilda .....	9
Foreldrakönnun á vegum Kópavogsbæjar.....	9
Mat barna .....	11
Starfsmannasamtöl.....	13
Mat á starfsáætlun sl. starfsárs og niðurstöður .....	14
Snillikennsla .....	14
Menningarviðburðir á árinu .....	14
Hefðir og hátíðir ársins .....	15
Umbótaáætlun .....	16
Starfsáætlun næsta leikskólaár .....	18
Einkunnarorð leikskólans.....	18
Sérstakar áherslur .....	18
Markmið.....	18

Menningarviðburðir .....	18
Þróunar- og nýbreytnistarf .....	19
Mat á starfinu, matsaðferðir .....	19
Kynning á leikskólanum .....	19
Börn .....	19
Fjöldi barna .....	19
Aðlögun barna.....	19
Flutningur milli deilda .....	20
Útskrift barna .....	20
Sérkennsla.....	20
Starfsmenn .....	21
Áherslur í samstarfi.....	21
Fjöldi stöðugilda og menntun í september 2016 .....	21
Hreyfing á starfsfólki.....	22
Þjóðerni starfsmanna annað en íslenskt .....	22
Fundir.....	22
Skipulagsdagar .....	22
Endur- og símenntunaráætlun fyrir starfsárið .....	22
Foreldrasamstarf .....	23
Þátttaka foreldra í leikskólastarfinu .....	23
Fræðsla og upplýsingar til foreldra.....	23
Foreldraráð .....	23
Starfsreglur foreldraráðs.....	24
Verkefni foreldraráðs.....	24
Foreldrafélag.....	24
Samstarf .....	25
Samstarf við grunnskóla .....	25
Samstarf við aðra.....	25
Nemar .....	25
Öryggismál.....	25
Lokaorð.....	26

## Um leikskólann

Leikskólinn Núpur stendur við Núpalind 3. Hann er 708 m<sup>2</sup> að flatarmáli og flatarmál lóðar er 4077m<sup>2</sup> á grunnteikningu, garðurinn var minnkaður lítið eitt árið 2002 en stækkaður við deildina Lund haustið 2005 þannig að hann er öðruvísi en grunnteikning segir til um en flatarmálið sennilega nærri lagi. Núpur er fimm deilda leikskóli þar sem boðið er upp á sveigjanlegan dvalartíma. Tvær deildir eru fyrir fjögurra og fimm ára börn, tvær deildir fyrir tveggja og þriggja ára börn og ein deild fyrir árgömul börn. Á yngstu deildinni er rými fyrir 16 börn. Á tveggja til þriggja ára deildunum er rými fyrir 21 börn á hvorri deild. Á eldri deildum er rými fyrir 24 börn á hvorri deild. Leikrými leikskólans er 462,2m<sup>2</sup> sem gerir 4,4 m<sup>2</sup> á barn.

## Námskrá – stefna – uppeldislegar áherslur- skipulag

Námskrá leikskólans, 3. útgáfa, kom út vorið 2015. Námskrá hvers skóla á að vera lifandi plagg sem stöðugt þarf að endurskoða. Einkunnarorð leikskólans Núps eru „sjálfstæði og sköpun í samvinnu og gleði“. Í þeim felast áherslur og markmið leikskólans sem eru útfærð í samverustundum, þemavinnu, frjálsa leiknum og þeim vinnuaðferðum sem er beitt í skólastarfinu.

### Sjálfstæði:

Samkvæmt íslenskri orðabók þýðir það að vera óháður öðrum.

Við viljum:

- að barnið verði sjálfstæður einstaklingur sem þekki sín takmörk í samskiptum við aðra og finni möguleika sína til þróunar andlega og líkamlega.
- að leikskólinn skapi þær aðstæður að barnið geti sem mest valið sjálft þau viðfangsefni sem það vill fást við.
- að leikskólakennarinn hjálpi barninu til sjálfshjálpar þannig að það öðlist sjálfstæði.
- að börnin læra að takast á við ágreining á uppbyggjandi hátt þannig að allir verði sáttir.

### Sköpun:

Samkvæmt íslenskri orðabók þýðir það að skapa, búa til.

Við viljum:

- að barnið verði skapandi og frjór einstaklingur sem sér möguleikana og telur að hindranir séu til að sigrast á.
- að leikskólinn skapi þær aðstæður að barnið fái notið sköpunargleði sinnar.
- að leikskólakennarinn styðji og styrki sjálfstæða sköpun barnsins þannig að það geti skapað á eigin forsendum í samvinnu og samskiptum við aðra.
- að umhverfið ýti undir og gefi tækifæri á skapandi hugsun og aukins hugmyndaflugs.

## Samvinna:

Samkvæmt íslenskri orðabók þýðir það samstarf þar sem menn vinna saman og hjálpa hver öðrum.

Við viljum:

- að börnin læri að vinna saman.
- að barnið í gegnum samvinnu öðlist betri sjálfsþekkingu.
- að samskipti í leikskólanum miðist við samvinnu og samhjálp.
- að leikskólakennarinn hjálpi börnunum að vinna saman í að eiga góð samskipti.
- að leikskólakennarinn verði börnum góð fyrirmynd í samvinnu og samskiptum.
- að umhverfið í leikskólanum verði hvetjandi til samvinnu og samhjálp.

## Gleði:

Samkvæmt íslenskri orðabók þýðir það ánægja, gott skap.

Við viljum:

- að leikskólastarfið verði gleðiríkt þannig að börnin njóti leikskólavaldar sinnar.
- að leikskólakennarinn stuðli að því að viðhalda gleði barnsins í sköpun og leik.
- að leikskólinn stuðli að aukinni gleði í leik og starfi þannig að barnið læri að þekkja sjálf sig með glöðum og ánægðum hug.
- að gleðin í því sem barnið er að takast á við skipti meira máli en útkoman.

## Dagur í Núpi

07:30 – 09:00	Frjáls leikur
08:15 – 08:45	Morgunmatur
09:30 – 10:00	Ávextir í boði
09:00 – 11:00	Skipulagt starf
	Á föstudögum söngstund í sal kl. 9.00 – 9.20 og útivera
11:00 – 11:20	Samverustund á yngri deildum
11:20 – 12:00	Hádegisverður á yngri deildum
11:30 – 12:15	Samverustund á eldri deildum
12:00 – 13:00	Hvöld á yngri deildum
12:15 – 13:00	Hádegisverður á eldri deildum
13:00 – 13:30	Meistaraverkefni á eldri deildum
13:00 – 14:40	Útivera, frjáls leikur eða flæði
14:10 - 14:30	Samverustundir yngri deilda
14:30 - 15:00	Síðdegishressing yngri deilda
14:50 – 15:15	Samverustundir, eldri deildir
15:00 – 15:45	Frjáls leikur á yngri deildum
15:15 – 15:50	Síðdegishressing eldri deilda
15:50 – 17:00	Frjáls leikur
17:00	Leikskólinn lokar

## Flæði

Í flæði fara börnin á þau svæði sem þau vilja leika sér á hverjum tíma. Börnin á Höfða og Brekku flæða saman og börnin á Hvammi og Þúfu flæða saman. Meginmarkið með flæði er að efla sjálfræði barnanna, að þau hafi um það að segja hvar þau leika sér, með hverjum og hvaða viðfangsefni verður fyrir valinu.

## Snillikennsla

Snillikennslan er á hringekjuformi. Hún fer fram í aldursskiptum hópum á milli kl. 9 og 10 á yngri deildum og 10 og 11:30 á eldri deildum frá september til maí. Sex stöðvar verða í boði á eldri deildum en fjórar á yngri deildum og tengist hver stöð ákveðinni greind. Stöðvarnar sem í boði verða eru tónlistarstöð, rök- og stærðfræðistöð, jóga, hreyfistöð, umhverfisstöð og svo stöð sem vinnur með rýmisgreind.

Börnin fara í föstum hópum milli „greindar“ stöðva. Hver kennari fær ákveðna stöð sem hann vinnur að allan veturinn og raðast kennarar á stöð eftir áhugasviði og styrkleika hvers og eins. Með því að rótera börnunum milli stöðva fá þau jafnan aðgang að öllum kennurum deildanna og öllum greindum.

Sumarsnillikennsla fer fram úti í júní og er hún í formi flæðis. Öll börn leikskólans taka þátt í henni.

## Meistaraverkefni

Meistaraverkefni eru fyrir elsta árgang skólans, hver hópur meistara vinnur að þeim í u.þ.b. eina klukkustund tvisvar í viku yfir veturinn.

## Matsaðferðir

Árlega er starf leikskólans metið. Notaðar eru ýmsar matsaðferðir m.a. Ecers matslistinn og svo spurningarlistar/matslistar sem lagðir eru fyrir börn, foreldra og starfsmenn.

## Starfsmannastefna

Í leikskólanum Núpi er leitast við að:

- vera jákvæð, glöð og með húmorinn í lagi.
- vera fagleg í starfi með því að sýna ábyrgð og sinna skyldum okkar af virðingu.
- vera heiðarleg og hreinskiptin í samskiptum, tölum við en ekki um, hrósum og sýnum hvort öðru skilning.
- vera virk félagslega með því að spjalla saman daglega og hittast utan vinnutíma.

## Stefna vegna foreldrasamstarfs

Stefna leikskólans Núps er að tengja saman heimili og skóla með góðum samskiptum við foreldra. Deildarstjórar senda foreldrum tölvupóst vikulega með pistli um starfið í vikunni og það sem framundan er.



## Stoðþjónusta

Leikskólinn á gott samstarf við þau svið bæjarfélagsins sem tengjast daglegum rekstri s.s.umhverfissvið sem kemur að viðhaldi innan leikskólans og á útileiksvæði, stjórnsýslusvið sem kemur að launamálum og tækniþjónustuogvelferðarsvið sem kemur að félagsþjónustu og velferð í barnaverndarmálum. Samskipti við þessi svið fara meira eða minna fram með rafrænum hætti.

Mest samstarf á leikskólinn við menntasvið. Mjög gott samstarf er við leikskólafulltrúa, leikskólaráðgjafa, sérkennslufulltrúa og sérkennsluráðgjafa leikskóladeildar. Þá hefur sérkennslustjóri gott samstarf við sérfræðinga á vegum leikskóladeildar.

## Mat á starfi sl. starfsárs-niðurstöður

Vorið 2016 var starf deilda metið með óformlegum hætti þar sem hver og ein deild skoðaði starf deildarinnar.

Leikskólinn lagði fyrir foreldra spurningalista á haustönn.

Vorið 2016 fékk Menntasvið Kópavogs Skólapúlsinn til að leggja könnun fyrir foreldra.

Ítarlegur listi var sendur foreldrum rafrænt og vann skólapúlsinn síðan úr niðurstöðum. 80% foreldra þurfti að svara könnuninni til þess að hún teldist marktæk.

## Foreldrakönnun að hausti

Á haustönn heyrðust nokkrar mjög háværar óánægjuraddir frá foreldrum m.a. varðandi starfsmannaveltu, upplýsingaflæði og morgunmat. Í ljósi þess ákvað stjórnendateymi skólans að leggja könnun fyrir foreldra og voru spurningar m.a. byggðar á þeim óánægjupunktum sem komið hefði fram. Könnunin var lögð fyrir í október og var send á foreldra 99 barna, svarhlutfall var 58%.

Spurt var hvort foreldrar hefður kynnst sér námskrá og starfsáætlun skólans, starfsemi foreldrafélagsins, heimasíðu, snillikennslu og meistaravinnu. Spurt var um upplýsingaflæði, aðlögun, hvernig tekið væri á móti börnunum og fæði leikskólans. Í öllum spurningum var foreldrum gefin kostur á að koma fram athugasemdum ef eitthvað væri sem betur mætti fara. Margir nýttu þann svarrétt til að koma á framfæri ánægu og hrósi til leikskólans og starfsmanna. Hér fyrir neðan kemur samantekt úr könnuninni og það sem er skáletrað eru svör foreldra.

**Upplýsingaflæði:** Við fengum margar gagnlegar ábendingar varðandi upplýsingaflæði.

Foreldrar eru almennt ánægðir með það og nýta sér allar eða flestar þær leiðir sem við notum í starfinu. Nokkrir nefna að þeir vilji endilega meira af myndum sett inn á heimasíðu úr starfinu.

*Finnst mikill munur á upplýsingaflæði milli ára, þ.e. mjög góðir og upplýsandi póstar sem við höfum fengið þetta árið en í fyrra fannst okkur við mjög litlar upplýsingar fá að jafnaði.*

*Upplýsingar vantar oftast en ekki á upplýsingatöflur í lok dags á deild xxx. Mætti endilega bæta úr því og skrifa hvað var gert yfir daginn.*

*Virkilega gaman að fá update frá deildarstjóra um það sem er í gangi og myndir á heimasíðu.*

**Þátttökuaðlögun:** Fram kemur að flestir hafa góða upplifun af þátttökuaðlögun en nokkrar góðar ábendingar koma fram sem mætti bæta. Má þar nefna of löng viðvera foreldra með börnunum, að hlutverk foreldra megi vera skýrara þ.e. til hvers er ætlaðst af þeim á meðan á aðlögun stendur.

*Hefðum viljað hafa þátttökuaðlögunina öðruvísi. Hefðum viljað vera með barninu allan daginn fyrsta daginn og síðan minnka viðveruna hina dagana þannig að seinasta daginn væri foreldrið aðeins stutta stund með barninu.*

**Flutningur milli deilda:** Almenn ánægja er með flutning á milli deilda og engin sem hefur slæma upplifun af því. Nefnt er að gott væri að hafa skilaviðtal áður/eða á meðan flutningur á nýja deild stendur yfir og að betur mætti kynna deildina sem barnið fer á.

**Tekið á móti börnunum:** Fólk virðist almennt vera mjög ánægt með hvernig tekið er á móti börnunum í Núpi. Einhverjir nefna þó að komið hafi tímabil þar sem starfsfólkið sem tók á móti börnunum hafi ekki alltaf þekkt þau og þegar mönnun hafi verið ábótavant hafi ekki alltaf sama fólkið verið að taka á móti. Margir hrósa líka ákveðnum starfsmönnum fyrir að taka alltaf vel á móti sínu barn.

**Fæði í leikskólanum:** Fólk er almennt ánægt með matinn (91%) í leikskólanum. Þeir sem ekki eru ánægðir með matinn vilja m.a. morgunmat, sjá nánari innihaldslýsingar á fæðinu s.s hvort notað er hvítt hveiti og viðbættan sykur.

*Ég er almennt ánægð með fæðið. –amk kvartar mitt barn ekki. Ég hins vegar væri til í að sjá t.d. stefnu frá matráði, ég hef t.d. ekki hugmæynd um hvað er í matnum, hvort hún noti sykur, hvítt hveiti o.s.frv.*

*Við hefður viljað merkja við í meðallagi. Við mundum vilja sleppa unnum matvörum líkt og unnum kjötvörum og fiskvörum. Á opnum dögum mætti einnig taka til athugunar að hafa t.d. kleinur eða eitthvað annað í stað súkkulaðikex.*

*Mér finnst vanta upplýsingar um innihald, s.s viðbættan sykur o.f.frv. Börn á þessum aldri eiga ekki að fá neinn viðbættan sykur. Þetta finnst mér að ætti að koma skýrt fram á heimasíðu, þ.e. hvaða stefnu matráður fylgir í þeim efni.*



## Endurmat deilda

Deildarnar mátu hver fyrir sig vetrarstarfið og gerðu út frá því sérstaka starfsáætlun sem vinna á eftir næsta vetur. Niðurstaða deildanna var sú að eldri deildir vinna áfram á sömu nótum og veturinn 2015-2016 en yngri deildir ætla að gera breytingu á snillikennslunni en að öðru leiti verður vinnan með sama sniði og 2015-2016.

## Foreldrakönnun á vegum Kópavogsbæjar

Könnunin er samræmd foreldrakönnun leikskóla sem mælir 31 þátt í sex flokkum. Undir hverjum matsþætti geta verið allt frá einni spurningu sem mynda matsþáttinn upp í 10 spurningar. Könnunin var send til foreldra 64 skóla á landinu og eru niðurstöður okkar miðaðar við landsmeðaltal. Könnunin var send út 1. mars 2016 til allra foreldra sem höfðu mánuð til að svara. Fjöldi þátttakenda var 92, fjöldi svarenda 84. Svarhlutfall 91,3%  
Flokkarnir eru eftirfarandi:

1. Daglegt leikskólastarf
2. Námsumhverfi
3. Samskipti við foreldra
4. Upphaf og lok leikskólagöngu
5. Sérstakur stuðningur og sérfræðipjónusta
6. Opnar spurningar

Í flokkun **Daglegt leikskólastarf** komum við mjög vel út og erum yfir landsmeðaltali þegar spurt var út í ánægju barnanna í leikskólanum og fæði skólans, ánægja með skólann var á pari við landið. Aðrir þættir koma verr út s.s. stjórnun leikskólans og deilda og er það eitthvað sem við þurfum að taka til okkar og lagfæra.

Undir **Námsumhverfi** komum við vel út í vinnubrögðum og þátttöku án aðgreiningar. Foreldrar eru ekki eins ánægðir með aðstöðuna og ber þar hæst óánægjan með aðgengi að Lundu og leikaðstöðu í Lundargarðinum. Færni þátturinn sem snýr að faglegu starfi barnanna á deildum kemur illa út. Við þurfum að gera stórt átak í að kynna betur faglega starfið okkar og koma upplýsingum til foreldra. Sem dæmi telja einungis 16,6% foreldra að vitund barnsins til stærðfræðilegra viðfangsefna sé ekki eflid en það er einmitt áhersluþáttur í rök- og stærðfræðigreind sem við vinnum mikið með. Við vinnslu niðurstaðna þessa þáttar var bent á að svarhlutfall væri mjög lágt og túlka beri niðurstöður fyrir þennan lið með varkárni. Eins kom fram á kynningarfundum Skólapúlsins að spurningar er varða færni hafi verið of margar sem foreldrar hafa oft ekki forsendur til að svara. Þessi liður verður endurskoðaður fyrir næstu könnun af hálfu Skólapúlsins.

**Samskipti við foreldra** – þeir þættir sem leikskólinn stendur sig vel í undir þessum flokki er þekking foreldra á stefnu og námskrá leikskólans og heimasíðu og erum við óskaplega glöð að sjá að foreldrar þekki stefnu skólan og námskrá. Einnig er gott að sjá að heimasíða nýtist foreldrum vel.

Upplýsingamiðlun, tengsl við starfsfólk leikskólans, hvatning til þátttöku í leikskólastarfinu og tímasetning viðburða koma ekki nógu vel út. Undir matsþættinum upplýsingamiðlun eru 10 undirspurningar sem mynda matsþáttinn. Þær snúa að starfi deilda, upplýsingagjöf um starfið

og samskiptum deilda við foreldra. Foreldrar vilja heyra meira af því þegar barninu gengur vel, vera betur upplýstari um starfið á deildinni og um þroska, námsferil og námsframvindu barnsins. Við þurfum að efla þessa þætti, kynna betur t.d. „Bók barnsins“ sem heldur utan um námsferil - og framvindu barnsins og fjölga vikupóstum. Þegar niðurstöður foreldrakönnunar lá fyrir var strax brugðist við „upplýsingaleysinu“ með því að stofna Like síðu á facebook sem er til þess gerð að fjölga „örfréttum“ úr starfinu. Einnig stendur til að vera með lokaða hópa fyrir hverja deild. Tvær deildir hafa verið að prufa sig áfram með lokaðar facebooksíður á vorönninni og hefur það gefist vel. Einnig má benda foreldrum á að það er alltaf hægt að fá viðtal við deildarstjóra þar sem foreldrar geta rætt um allt sem viðkemur börnum þeirra.

**Upphaf og lok leikskólagöngu** – Þegar við skoðum spurningarnar sem mynda þessa matsþætti sjáum við að þeir þættir sem við þurfum helst að bæta hjá okkur snúa að hlutverki foreldra í aðlögun, móttöku þeirra og kynningu á daglega starfinu. Við höfum nú þegar unnið að þeim breytingum hjá okkur fyrir aðlögun nýrra barna í haust auk þess að auka samskipti nýrrar deildar við foreldra þeirra barna sem eru að flytja á milli deilda innan leikskólans.

Þar sem spurt var um flutning milli skólastiga sjáum við í svörum að foreldrar eru ánægðir með samstarf leikskólans við grunnskólann. Þeir telja að börnin fái að kynnast starfi grunnskólans á lokaárinu sínu en vildu sjálfir fá að vera virkari þátttakendur grunnskólamegin. Að lokum voru foreldrar spurðir í opnum spurningum hvað þeim þætti **gott við leikskólann** og **hvað mætti betur fara**.

Það sem **gott er við skólann** var oftast nefnt: Starfsfólk deilda, jákvætt og alúðlegt (44), góður matur, góð samskipti, mikil úivera, glöð og ánægð börn, vel hugsað um börnin. Við eru óskaplega þakklát fyrir öll þessi svör sem fullvissar okkur um að við erum að gera góða hluti hér í Núpi þó svo að alltaf megi gera betur.

Það sem fólki fannst helst að **betur mætti fara** í skólanum var: Morgunmatur (14), starfsmannavelta síðasta vetur, aðstaða og aðkoma að Lúndi og garðurinn sem Lundur hafði til afnota. Dreifing starfsmanna í garði, að starfsmenn kynni sig og heilsa almennt þegar börnin koma/fara, vikupóstar/upplýsingagjöf um starfið frá deildum, bílastæðamál og fleiri faglærða kennara.

Það sem kom líklega mest á óvart er að ekki voru fleiri sem töluðu um morgunmatinn en einungis 14 manns fannst að úr honum þyrfti að bæta. Eins og fram hefur komið hér fyrir í niðurstöðum munum við leggja okkur fram við að bæta þau atriði sem á okkar veldi stendur. Hvað fjölgun fagmenntaða kennara varðar liggja þeir ekki á lausu og vantar tilfinnanlega kennara um allt land. Starfsmannavelta er eitthvað sem oft reynist erfitt að eiga við. Starfsmannavelta sem um ræðir í þessum lið höfðu m.a. með utanaðkomandi þættir að gera s.s. með flutninga út á land, fæðingaorlof o.þ.h. Bílastæðamálin er mál sem leikskólinn er búin að berjast fyrir og foreldraráð einnig. Póstar hafa verið sendir á milli Núps og Lindaskóla og þess farið á leit við skólastjórnendur þar að þeir beini þeim tilmælum til sinna kennara að leggja bílum sínum á bílastæði Lindaskóla. Foreldraráð hefur einnig sent póst um sama efni. Búið er að skoða teikningar og fara á bæjarskipulag til að kanna og skoða hvað hægt sé að gera í stöðunni, búið að tala við umhverfisvið, menntasvið o.fl. Málið er að ekki eitt einasta stæði hér fyrir framan skólann er „eyrnamerkt“ leikskólanum heldur eru þetta stæði í eigu bæjarins og getur hver sem er lagt bílunum sínum þarna án þess að við getum neitt gert í því.

Þessi barátta er samt ekki búin og við höldum áfram og hættum ekki fyrir en viðunandi lausn fæst í þetta mál. Engu að síður þurfum við að biðla til foreldra að leggja ekki bílum sínum fyrir framan hliðið vegna þeirra hættu sem það skapar.

## Mat barna

Spurningalisti var lagður fyrir 20 börn í elsta árgangi skólans. Spurt var um vini, ákveðnar stundir dagsins, leiksvæði og líðan í leikskólanum. Notaðar voru myndir til að leiða samtalið.

- ✚ Öll börn töldu upp þrjú eða fleiri börn sem vini sína. Öll sem nefndu vin sögðu alla eða hluta af sama hóp vera þá sem skemmtilegast væri að leika við. Eitt barn nefndi sjálfan sig, eitt barn nefndi barn sem var hætt og sagðist sakna þess.  
Þrettán börn töldu starfsmenn í vinarhópnum, öll nefndu einn til fimm.  
Þegar spurt var hvort þau héldu að einhver ætti engan vin á leikskólanum voru 4 börn nefnd, af þeim var eitt barnið alveg nýtt og eitt hætt í leikskólanum, töldu því börnin að þess vegna ættu þau ekki vini í leikskólanum. Annars voru svörin „veit ekki“ eða „nei það eiga allir vini“.
- ✚ Þegar spurt var hvort eitthvað barn stjórnaði eða vildi stjórna meira en önnur voru 8 börn nefnd og tvö af þeim oftast en einu sinni. Eitt barn sagði engin börn stjórna, bara kennara.
- ✚ Í frjálsum leik á milli kl. 8 og 9:30 er vinsælast að lita og leika í ýmsum gerðum af kubbum. Annað sem er nefnt er að spila, leika við vin, bílaleikur, leika í litla herbergi, mömmó, perla og leika í skutluleik.
- ✚ 18 börn segja ávaxtastundina vera skemmtilega, 2 börn segjast ekki vita hvað þeim finnst um hana. Flestum börnum finnst ávextir góðir. Eitt barn segist ekki nenna að fá ávexti. 6 taka það fram að þeim finnst epli best, 2 nefna banana og eitt nefnir bláber, epli og banana. 4 börn taka sérstaklega fram að þeim finnst ávextir almennt góðir. Eitt barn tekur fram að því finnst gaman að hlusta á sögu í stundinni.
- ✚ Í snillikennslu eru listaskáli (10) og salur (11) vinsælastu svæðin til að vinna á, göngutúr (5) stærðfræði (3), tónlist (3), jóga (2) og óvissir (2). Öll svæðin eru svo aftur nefnd sem minna skemmtileg af öðrum börnum en fimm börn segja þó allt vera skemmtilegt.
- ✚ Holukubbar eru vinsælasta svæðið (12) í flæði en hlutverkaleikur (7) og salur (6) koma næst þar á eftir. Dúkkuhús hefur minnst aðdráttarafl annað árið í röð en 5 börn nefna það sem minnst spennandi. Átta börn segjast ekki geta nefnt neitt minna skemmtilegt svæði þar sem allt sem svo skemmtilegt (8)
- ✚ Að lesa bækur og fara í leiki er oftast nefnt sem það sem er gaman að gera í samverustundum. Annað sem er nefnt er t.d.; draga lög og syngja. Af þeim sem svara

- þegar spurt er hvort eitthvað sé leiðinlegt segja tvö að lesa bók, tvö að hlusta á bækur og fimm að syngja. Annað sem kom fram sem var lítið spennandi var að segja frá e-m hlutum, ríma og eitt barn nefndi fara í hvíld.
- ✚ Þegar spurt er um besta matinn nefna langflest grjónagraut (14), fiskibollur (3) og pizza (3) en alls eru 10 matartegundir nefndar þegar spurt er hvað börnunum finnst gott að borða. Sex börnum finnst allur matur góður. Sá matur sem er nefndur oftast sem sá matur sem ekki þykir góður er fiskur í ýmsum myndum (9), soðinn (6), bleikur (2), fiskur í raspi (1). Fimm aðrar matartegundir eru nefndar.
  - ✚ Þau börn sem höfðu hugmyndir um hvernig mætti breyta matartímanum sögðu eftirfarandi; borða bara pizzu, hafa enga kennara svo við getum gert sjálf, svissa mat og kaffi, velja hvar maður situr og hafa alltaf grjónagraut..
  - ✚ Flest börnin (18/20) hafa ánægju af að vinna meistaraverkefni og nefna það að lita og teikna og gera verkefni sem ánægju við tímana. Sem óska-verkefni nefna þau: sporastund, lita, lita eftir númerum, búa til hárbönd úr blómum, vera úti, föndra, þrautir, Blæ og búa eitthvað til fyrir mömmu og pabba
  - ✚ Tveimur börnum líður ekki vel í fataherbergi. Einu finnst of mikill hávaði og verið að ussa á börn og hitt vill bara frekar vera inni. 15 börnum finnst bara fínt þar og þrjú nefna sérstaklega að gaman sé þegar bara þurfi að klæða sig í skó.
  - ✚ Að leika í kastala og róla er vinsælast í útiveru. Annað sem var nefnt var; fótbolti, finna prik, leika við vini, leika í rigningu, fara í gönguferð, vera í skóginum að labba, halda útipartý og fara í eltingaleik. Fjögur börn segja að allt sé skemmtilegt. Að leika í sandkassa er fjórum sinnum nefnt sem ekki skemmtilegt í útiveru.
  - ✚ Fjögur börn setja út á salernin, Einu finnst leiðinlegt að pumpa handsápu, öðru finnst of margir í einu, og því þriðja leiðinlegt ef einhver er að kíkja á sig. Eitt barn segist fara sjaldan. Hinum finnst bara fínt á salerninu.
  - ✚ 17 börnum finnst kaffitíminn fínn. Tvö börn taka fram að þeim finnst betra að hafa hann flæðandi, eitt barn nefnir að búðabrauð sé best.
  - ✚ 9 börnum finnst skemmtilegt að syngja í söngstund á föstudögum og fjórum skemmtilegast að hlusta á gítar og syngja. Tveimur finnst ekkert skemmtilegt í söngstund. Einu barni finnst ekki gott ef einhver hefur hátt, einu barni finnst leiðinlegt að syngja lög sem það kann ekki og einu barni finnst leiðinlegt að syngja barnaleg lög.
  - ✚ 14 börn nefna popp sem það besta við afmæli og 7 börn nefna bókabíó sem skemmtilegast. Einu barn finnst allt skemmtilegt. Nokkur nefna líka afmælissönginn

sem ánægju við afmæli . Það sem er erfitt við afmæli er að sitja, vera of seinn, bíða lengi og láta taka mynd af sér. 7 börnum finnst ekkert leiðinlegt í afmælum. Mörg komu með tillögu um hvernig mætti breyta afmælishaldinu, flestar tengdust einhverju góðgæti eins og ís, kökum og pitsum. Það komu líka aðrar tillögur eins og að hafa hafa það í Kringlunni, ekki þurfa að bíða lengi, syngja afmælislagið á ensku og hafa bókabíó (börn á Höfða).

- ✚ 2 börn vilja engu breyta í leikskólanum ef þau mættu ráða öllu. 7 vita ekki hverju væri best að breyta og 2 vildu sjálf fá að ráða öllu. 9 börn komu með tillögu um hverju mætti breyta, þær eru eftirfarandi: vera meira úti, borða sykurlúða, engar sögustundir/ bara Sporastundir, alltaf snillikennsla, fleiri legókalla, ekki hafa soðin fisk og hafa söngstund síðasta.
- ✚ 17 börn segja að þeim líði vel og/eða það sé gaman að koma í leikskólann á morgnanna. Nokkur segjast vera þreytt þegar þau koma, eitt vill mömmu og pabba, eitt segist vera ringlað þegar það kemur og eitt segist vera svefnpurka.
- ✚ 19 börn segjast vera glöð og/eða líða vel þegar þau fara heim en eitt segist þó vera leitt þegar það fær ekki að fara heim með vini. Eitt segir ekki gaman að fara heim því þó þurfi það að leika eitt.
- ✚ Þegar spurt var hvað er skemmtilegast af öllu í leikskólanum, komu þessi svör: leika úti (4), holukubbar (4), leika (3), leika við vini (3) og svo er nefnt legó, lita, læra, borða popp, hlusta á tónlist og dansa, púsla, göngutú og allt

## Starfsmannasamtöl

Starfsmannasamtöl voru tekin í mars og apríl og var starfsmannahópnum skipt á milli aðstoðarleikskólastjóra og leikskólastjóra. Starfsmenn fengu undirbúningsblað með spurningum um líðan, árangur í starfi, styrkleika/veikleika o.fl.

- ✚ Starfsmenn voru flestir ánægðir í vinnu og leið vel. Nokkrir starfsmenn sögðust vera þokkalega eða sæmilega ánægð og liði þokkalega. Það sem hafði helst áhrif á að starfsfólki leið ekki nógu vel var helst samskipti við einstaka starfsmenn og skortur á upplýsingum. Almennu voru samt samskipti innan deilda góð og virðing ríkjandi.
- ✚ Eins og undanfarin ár kom fram að samstarf milli deilda mættu vera meira og voru það helst starfsmenn á yngri gangi sem komu með þær athugasemdir. Á eldri gangi eru flest allir sammála um það að starfsandinn og samstarf milli deilda sé mjög gott og hafi lagast mikið milli ára. Einum starfsmanni fannst starfsandinn ekki nógu góður, gleði vanta í vinnuumhverfið.

- ✚ Almennt er fólk ánægt með stjórnun skólans, stjórnendur aðgengilegir og alltaf til staðar og gott að leita til þeirra.  
Stjórnun deilda er einnig í góðum málum ef frá er talin vandræði á einni deild og tengjast vandræðin aðallega breytingum sem varð á deildarstjórastöðu og einnig því að deildarstjóri réði ekki við hlutverk sitt sem stjórnandi og tæki ekki á málum í starfsmannahópnum sem þyrfti.
- ✚ Misjafnt var hversu fólk var ánægt með starfsaðstöðu og vinnuálag. Meðan sumum fannst starfsaðstaðan fín þótti öðrum hún slæm.
- ✚ Flestir töluðu um að vinnuálag væri eðlilegt miðað við eðli starfsins. Það sem fólki fannst valda mestu álagi var mikil veikindafjarvera starfsfólks, hávaði, undirbúningstímar féllu oft niður vegna veikinda og nýja fólkið talar um að betur megi standa að fræðslu og stuðningi.

Þegar starfsfólk var spurt hvað mætti gera betur voru svörin þessi:

- ✚ Að gefa fólki tíma til að lesa námskrá og starfsáætlun
- ✚ Hafa tvö skipulög uppi annað sem miðar að fullmannaðri deild og svo hitt sem miðar af færri starfsmönnum.
- ✚ Styðja betur við nýtt starfsfólk, gefa því tíma til að kynnast áður en því eru færð full vinnuskil
- ✚ Auka upplýsingafæði.

Strax var farið í það að gera lagfæringar og breytingar á þeim þáttum sem starfsmenn komu með athugasemdir um að betur mætti fara.

## Mat á starfsáætlun sl. starfsárs og niðurstöður

### Snillikennsla

Snillikennslan hjá okkur er í stöðugri þróun. Með tilliti til mats síðasta árs gerum við litlar breytingu á snillikennslunni. Áfram verður unnið með hringekju á eldri gangi og gera á tilraun með hringekju á yngri líka en í mun einfaldari mynd. Við verðum með hringekju þar sem börnin flæða á milli svæða en í föstum hópum þó (sjá nánari skýringu í kaflanum umbóltaáætlun).

### Meningarviðburðir á árinu

- Sinfóníutónleikar voru Eldborgarsal Hörpu í september og voru börnin mjög ánægð með þá ferð.
- Ferð í Þjóðleikhúsið þar sem meisturum var boðið upp á Brúðkistuna með Bernd Ogrodniks . Virkilega flott sýning sem börn og starfsfólk voru mjög ánægð með.
- Ferð í Sivertsenhús í Hafnarfirði með öll börn á elstu deildum – börn og starfsfólk almennt ánægð með ferðina.

- Jólaleikritið Grýla og jólasveinarnir með Leikhúsi í tösku – börn og starfsólk almennt ánægt.
- Dúó Stemma var í boði foreldrafélagsins, tókst afar vel og allir voru ánægðir
- Reglulegar ferðir á Bókasafn Kópavogs ásamt lestrarátaki sem var samvinnuverkefni leikskólans, bókasafnsins, foreldrafélags Núps og foreldra.
- Þjóðadagar allra þjóðarbrota í leikskólanum voru haldnir öllum til gleði og fróðleiks.

## Hefðir og hátíðir ársins

- Hausthátíð, foreldrum boðið til garðveislu þar sem börnin buðu upp á súpu sem búin var til úr grænmeti sem þau höfðu ræktað. Hátíðin tókst vel.
- Karladagurinn var haldinn 30. október en þá var karlkyns aðstandendum barnanna boðið í skólann í morgunkaffi og söng. Mjög góð mæting var og vel heppnað.
- Gengið gegn einelti var samvinnuverkefni skólanna í hverfinu Núps, Dals og Lindaskóla.
- Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember, sagan um Búkollu var sögð með skuggamyndum.
- Piparkökbakstur og málun í byrjun desember. Foreldrum var boðið í málunina.
- Litlu jólin haldin hátíðleg með sögu, söng og dansi. Jólasveinn mætti á svæði og einnig prestar Lindakirkju.
- 16 ára afmæli Núps var haldið 8. janúar með vasaljósagöngu um hverfið, heitu kakói og kleinum úti í garði.
- Þorablót 29. janúar, börnin bjuggu sér til höfuðföt sem þau settu upp við borðhaldið, skemmtilegur dagur
- Öskudagsball 10. febrúar kötturinn var sleginn úr tunnunni og svo var flæði um allan skóla. Gekk mjög vel.
- Kvennadagurinn var haldinn 11. mars en þá var kvenkyns aðstandendum boðið í skólann í morgunkaffi og söng. Góð mæting að vanda.
- Opið hús var 12. maí. Boðið var upp á stöðvar bæði inni og úti þar sem börn og foreldrar léku saman. Í matsal var vöfflusala en ágóði sölunnar fór í endurmenntunarsjóð starfsfólks. Vel heppnaður dagur.
- Sólstöðuhátíð í samvinnu við leikskólann Dal í lok júní í yndislegu veðri. Börn og starfsólk leikskólanna hittust í undirgöngunum við Fífuhammveg. Leikskólarnir sungu hvor fyrir annan og svo bauð leikskólinn Dalur okkur í heimsókn í sinn garð þar sem við horfðum á leikrit, grilluðum pylsur og lékum okkur. Einstaklega skemmtilegur dagur.
- Afmæli barnanna eru haldin hátíðleg inni á deildum, þar sem börnin fá kórónu, bjóða upp á popp/rúsínur og dagurinn er gerður þeim minnisstæður.



## Umbótaáætlun

Til að skapa góðan skóla þurfa kennarar sífellt að skoða starf sitt og það gerðum við sl. vetur eins og endranær. Við endurmetum hvern þátt starfsins – hvað gekk vel og hvað mætti betur fara, breytum og bætum og þróum starfið okkar áfram.

Haustið 2015 var farið af stað með hringekju í snillikennslu þar unnið var út frá greindunum. Skv. mati á snillikennslu kemur fram að fólk var almennt ánægt með hana á eldri deildum en ekki eins á yngri.

Á eldri gangi var snillikennslutíminn á þriðjudögum og fimmtudögum frá kl. 10:00-11:30 . Í boði eru sex stöðvar og fara börnin á allar stöðvar í hverri viku. Stöðvarnar eiga sér ákveðna staði. Rök og stærðfræðigreind er á Brekku, umhverfisgreind ásamt líkams- og hreyfigreind verða í útiveru, tónlistargreind verður á Höfða, rýmisgreindin í listaskála og jóga í hreyfisal. Á yngri gangi var Snillikennslan á mánudögum og miðvikudögum frá 9:00-9:30. Boðið var upp á 7 stöðvar og átti hver stöð sér ákveðinn stað eins og á eldri gangi. Um áramót var orðið ljóst að hringekja í snillikennslu á yngri gangi gekk ekki upp eins og lagt var upp með. Ástæðan var sú að hóparnir voru of margir og tíminn knappur. Eftir áramót var því farið í flæði, eins og unnið var 2013-2014 og 2014-2015.

Þennan vetur var fjarvera vegna veikinda mikil bæði vegna langtíma veikinda og styttri umfangsþesta. Þrátt fyrir það gekk okkur nokkuð vel að halda snillikennslunni gangandi.

**Veturinn 2016-2017** verður snillikennsla á eldri gangi unnin eins og sl. vetur. Áfram verða tímarnir á þriðjudögum og fimmtudögum frá kl. 10:00-11:30 í hringekju og unnið út frá greindunum.

Á yngri gangi verður snillikennslan á mánudögum og miðvikudögum frá kl. 9:00-9:30. Farið verður af stað með hringekju eins og haustið 2015 en verður hún einfölduð til muna.

Hópunum fækkað úr sjö í fimm. Unnið verður á stöðvum með tónlistargreind, hreyfigreind, umhverfisgreind og rýmisgreind. Tveir kennarar verða á hverri stöð.

Á Lundi verður snillikennslan á mánudögum og miðvikudögum frá kl.9:30-10:00 á hringekjuformi. Unnið verður rýmisgreind og könnunarleikinn ásamt umhverfisgreind/líkams- og hreyfigreind í útiveru meðan veður leyfir en fært inn ef þannig viðrar. Seinni hluta vetrar verður það svo endurskoðað og greindum skipt út. Málgreind, sjálfsþekkingargreind og samskiptagreind fléttast inn í allt starfið.

Jóga verður áfram í boði fyrir öll börn nema ársögumul. Börnin á eldri gangi fara í jóga í hringekju á þriðjudögum og fimmtudögum. Jógatímar verða fyrir yngri gang alla daga nema föstudaga eftir drekkutímann síðdegis.

Samkvæmt niðurstöðu foreldrakönnunar eru foreldrar ánægðir með það fæði sem við bjóðum uppá en þeir vilja gjarnan að boðið sé upp á morgunmat og að mörkuð sé skýr matarstefna fyrir skólann.

Veturinn 2015-2016 hófst umræða meðal fagfólks leikskólans að breytinga væri þörf á matmálstíma barnanna. Í gegnum tíðina hefur mikið verið kvartað undan hávaða í matsal,

mikill tími færi í bið og setur sem börn á leikskólaaldri ráða illa við og skynsamlegast væri að börnin gætu borðað og farið svo strax í leik. Í mati elstu barnanna á matmálistímum kemur fram að börnin vilja gjarnan geta valið sér sæti og borð í matartímanum, fara þegar þau eru búin að borða og sum kvörtuðu undan hávaða. Í matsal borða 44-50 börn saman ásamt kennurum. Þrátt fyrir miklar bætur á hljóðvist matsalar er enn kvartað undan hávaða þar.

Í vetur verða þær breytingar gerðar að við munum bjóða upp á hafragraut frá 1. sept. Hafragrauturinn er frá kl. 8:15-8:45 og koma börnin flæðandi þ.e. hafragrauturinn, áhöld og mjólk er á hlaðborði, börnin sækja sér matinn sjálf og velja sér borð til að sitja við. Seinna í vetur munum við svo gera breytingu á hádegismatnum. Verður hann með sama sniði og morgunmaturinn, þ.e. maturinn verður á hlaðborði og börnin fá sér mat sjálf með aðstoð starfsmanna og fara svo og fá sér sæti þar sem þau vilja sitja. Með þessu fyrirkomulagi matmálistíma aukum við á sjálfræði barnanna og einnig minnkum við hávaða í matsal þar sem færri börn matast í einu.

Til að gera góðan skóla betri þarf fræðsla til starfsfólks að vera í boði. Kópavogsbær stendur sig vel í að bjóða upp á námskeið sem starfsfólk hér getur sótt að vild. Mjög mikilvægt er að huga að nýju starfsfólki, að það fái fræðslu og leiðbeiningu í starfinu. Í lok setpember verður námskeið fyrir nýtt starfsfólk. Það fær kennslu í því hvernig við vinnum í leikskóla, helstu reglur og siðir, hvernig við tölum við börnin, hvernig við aðstoðum þau við daglegar venjur, hverjar eru reglur í matsal, hvað er hægt að gera í samverustund, tilgangur snillikennslu o.fl. Eftir áramót verðum við með annað námskeið fyrir nýliða og þá tökum við fyrir stefnu skólans og hvernig unnið er með hana. Á námskeiðinu verður til gamans lagt fyrir nýtt starfsfólk snillipróf en það er gert til að fólk sjái hvar þeirra sterku greindir liggja.

Upplýsingaflæði er eitthvað sem stöðugt þarf að vera vakandi með og þurfum við að bæta okkur þar skv. niðurstöðu foreldrakönnunar. Sama má segja um kynningu á skólanum, þar þurfum við að gera stórátak. Við þurfum að gera sýninlegra fyrir foreldrum hvað við erum að gera og fyrir hvað skólinn stendur. Eins og áður hefur komið fram brugðumst við strax við þessari niðurstöðu könnunarinnar og stofnuðum like-síðu á facebook til að koma upplýsingum og örfréttum ásamt myndum með skjótum hætti til foreldra. Nú er verið að stofna lokaða facebook hópa fyrir hverja deild svo deildarnar geti gert slíkt hið sama. Þarna eru sendar út myndir sem eiga að sýna m.a. hvað við erum að gera í skipulögðu starfi, hvernig við vinnum með stærðfræði, náttúrufræði, hreyfingu o.fl. Áfram munu deildarstóra senda reglulega út fréttir í tölvupósti.

Hlutir sem enn er verið að vinna að er hljóðvist skólans. Miklar breytingar urðu á matsal skólans þegar við fengum nýjar hljóðdempandi plötur á veggina þar. Við munum halda áfram að óska eftir úrbótum og er leikrými barnanna og þá sérstaklega gangarnir staðir sem brýnt er að bæta hljóðvist. Foreldraráð hefur sent bréf á framkvæmdasvið Kópavogsbæjar þess efnis að bæta þurfi hljóðvist í leikrými barnanna.

Bílastæðamál hafa brunnið á foreldrum og starfsfólki leikskólans til margra ára. Áfram verður haldið með að hamra á bætingu við Kópavogsbæ og stjórnendur Lindaskóla.

## Starfsáætlun næsta leikskólaár

### Einkunnarorð leikskólans

Skólaárið 2016-2017 verður unnið með fjölgreindir og snillikennslu. Einkunnarorð leikskólans eru sjálfstæði og sköpun í samvinnu og gleði. Unnið er með einkunnarorð samkvæmt skólanámskrá.

Markmið einkunnaorðanna eru:

- að börnin verði sjálfstæðir einstaklingar sem þekkja eigin möguleika og takmörk
- efla sjálfsvitund og sjálfsöryggi barnanna
- efla skapandi starf í leikskólanum

### Sérstakar áherslur

Sérstakar áherslur skólaársins eru „Fjölgreindir í leikskólastarfi“. Við vinnum út frá hugmyndum Howard Gardner um fjölgreindirnar. Einnig verður sérstök áhersla lögð á sjálfræði barnanna þannig að þau hafi meira um það að segja hvað þau vilja gera, með hverjum og hvar.

### Markmið

Markmið leikskólans er að börnin verði sjálfstæðir og skapandi einstaklingar sem kunna að vinna saman. Við leggjum áherslu á að vinna með sjálfræði barnsins og að efla þau í sjálfshjálp enda hjálpar það barninu við að standa með sjálfu sér og þekkja möguleika sína. Sjálfstæðir einstaklingar eiga auðveldara með að vinna saman og þeir sem hafa góða sjálfsmynd eiga auðveldara með að setja sig í spor annarra.

Í einkunnarorðum leikskólans „sjálfstæði og sköpun í samvinnu og gleði“ felast þessi markmið.

### Menningarviðburðir

Menningarviðburðir á árinu eru helstir: jólaleikrit, ferðir á ýmis söfn, sífóníútónleikar, hátíðlegheit á jólaföstu, menningarferðir í Þjóðleikhúsið og Þjóðadagar allra Þjóðarbrota í leikskólanum.

Ferðir á árinu eru meðal annars fyrirhugaðar, í sveitina í samvinnu við foreldrafélagið og í ýmsar vettvangsferðir tengdar þema.

Hefðir og hátíðir ársins eru haustfagnaður 16. september, dagur íslenskrar tungu 16.

nóvember, litlu jólin 15. desember, afmæli Núps 6. janúar með vasaljósagöngu um hverfið, flæði og afmælistöku, þorrablót 27. janúar, öskudagsball 1. mars og sólstöðuhátíð í samvinnu við leikskólann Dal í lok júní.

Afmæli barnanna eru haldin hátíðleg inni á deildum þar sem börnin gera sér kórónu, afmælistöngurinn sunginn, íslenski fáninn er settur á borðið þeirra í hádeginu og mynd af þeim fer á hurðina inn á deild. Sú breyting sem verður gerð í vetur er að búið er að taka poppið út hjá yngri börnunum en á eldri gangi verður það tekið út í lok skólaársins. Í stað þess er yngri börnunum boðið að koma með bók sem er lesin í samverunni fyrir mat og á eldri gangi verður áfram bókabíó. Öll börn fá svo að velja sér fallett afmælistatarstell til að borða af í hádeginu og dagurinn er gerður þeim minnisstæður.

## Próunar- og nýbreytnistarf

Áfram verður unnið með fjölgreindir. Námskeið í fjölgreindum verður haldið fyrir nýtt starfsfólk í október og markvisst verður unnið með fjölgreindirnar á skipulagsdögum í vetur. Áfram höldum við í umhverfisverndinni ásamt þróun vinnu með vísindi en sl. vetur unnu leikskólar Kópavogs sameiginlegt þróunarverkefni sem bar yfirskriftina „Sjálfbærni og vísindi“. Í tenglum við það verkefni var útbúinn vísindakrókur í skólanum. Í vetur förum við af stað með verkefni sem er ætlað að auka tónlistarstarf skólans. Búið er að fá fólk til að halda utan um þá vinnu. Við ætlum að taka þátt í Vináttu verkefni Barnaheilla sem er forvarnarverkefni gegn einelti í leikskóla. Tveir starfsmenn verða sendir á sérstakt námskeið í janúar og þeir koma síðan til með að stýra verkefninu. Við förum af stað með heilsuefndi verkefni f. starfsfólk og er því ætlað að draga úr fjarveru starfsfólks frá vinnu.

## Mat á starfinu, matsaðferðir

Starfið verður metið með sjálfsmatslistum á vorönn 2016. Spurningalisti til foreldra sem leggja átti fyrir vorið 2015 var frestað til ársins 2016. Einnig verður spurningalisti lagður fyrir elstu börn leikskólans.

## Kynning á leikskólanum

Fundir fyrir foreldra nýrra barna verða í júní en þar fá foreldrar bækling um leikskólann auk fræðslu um hvað leikskólastarf felur í sér. Kynning á vetrarstarfinu er í september á Höfða og Brekku og byrjun október á Lundi, Hvammi og Þúfu. Fundirnir eru frá 8:30-9:30.

Heimasíða leikskólans verður nýtt til upplýsinga fyrir foreldra. Á heimasíðunni er námskráin, starfsáætlunin, skóladagatal ásamt öðrum upplýsingum um leikskólann.

## Börn

### Fjöldi barna

Vorið 2015 var samþykkt í leikskólanefnd að fækka börnum í Núpi. Samtals nemur fækkunin þremur börnum. Fækkunin er tekin í áföngum og haustið 2015 fækkað börnum úr 108 í 106 og haustið 2016 fækkar úr 106 í 105.

Lundur: 16 börn - öll árgömul

Hvammur: 20-21 börn – tveggja og þriggja ára

Þúfa: 20-21 börn – tveggja og þriggja ára

Brekka: 24 börn – fjögurra og fimm ára

Höfði: 24 börn – fjögurra og fimm ára

### Aðlögun barna

Aðlögun nýrra barna á yngri deildir byrjar seinnipartinn í ágúst og er áætlað að henni ljúki um miðjan september. Yngri deildir eru með þátttökuaðlögun, þar sem börn og foreldrar eru saman í þrjá daga í öllum stundum dagsins. Aðlögun á eldri deildir hefst fljótlega eftir sumarfrí.

Í Núpi er hópaðlöggun þannig að nokkur börn koma í einu í aðlögun. Áætlað er að aðlögun taki 3-5 daga.

Markmið aðlögunar er að:

- barnið tengist starfsfólki leikskólans og kynnist starfsemi.
- barnið kynnist herbergjaskipan leikskólans og fái að vita hvar skúffa þess og hólfi eru.
- barn og foreldrar kynnist starfsfólki og börnum leikskólans.
- foreldrar þekki þá sem koma til með að taka á móti barninu og fái innsýn í starfsemi leikskólans.
- barn og foreldri upplifi leikskólalífið saman.
- foreldri fái yfirsýn yfir sem flestar stundir dagsins og viti hvað barnið hefur fyrir stafni á hverjum tíma.
- barnið kynnist hverri nýrri stund ásamt foreldri til að það finni sig öruggt í leikskólanum auk möguleika til umræðu heima.
- hin börnin og starfsfólkið á deildinni kynnist nýja barninu

### Flutningur milli deilda

Flutningur milli deilda hefst í viku tvö eftir að leikskólinn opnar aftur eftir sumarfrí. Skipulag flutnings milli deilda er að finna í aðlögunarmöppu. Markmið í flutningi milli deilda er að barnið kynnist nýrri deild, bæði börnum og starfsfólki og að það finni sig öruggt á nýrri deild. Foreldrum er boðið að taka þátt í aðlögun milli deilda.

### Útskrift barna

Útskrift þeirra barna sem fara í grunnskóla er í lok maí. Farið er í útskriftarferð, börnin útbúa sér nesti sjálf. Þau fá bakpoka sem þau passa sjálf uppá í ferðinni. Haldin verður útskriftarveisla þar sem börnin baka köku, æfa sönglög eða leikrit og bjóða foreldrum sínum til veislu. Börnunum er afhent viðurkenningarskjál til staðfestingar á leikskólagöngu þeirra.

### Sérkennsla

Fimm börn eru í sérkennsu í 1. og 2. flokki og sextán börn í sérkennslu í 3. og 4. flokki. Markmiðið sérkennslunnar er að barnið geti notið leikskóladvalar sinnar og fái allan þann stuðning og örvun sem það þarf til þess. Lögð er áhersla á að öll sérkennsla fari fram í litlum hópum þannig að barn sem þarf á sérkennslu að halda sé ekki tekið eitt út úr hópnum. Sérkennslan er því fléttuð inn í allt starf leikskólans eftir þörfum sérhvers barns.

## Starfsmenn

### Áherslur í samstarfi

Starfsmannaviðtöl verða í febrúar/mars. Þetta árið munu leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri taka viðtölin.

Móttaka nýrra starfsmanna: nýr starfsmaður kemur í stutt viðtal til leikskólastjóra þar sem ráðningarsamningur er undirskrifaður og gengið frá öðrum pappírurum. Aðstoðarleikskólastjóri spjallar við starfsmanninn, sýnir honum skólann og fer með starfsmanninum í gegnum megin þætti leikskólastarfsins. Eftir u.þ.b. 15 daga tekur deildarstjóri starfsmanninn í viðtal til að ræða hvernig honum líður í starfi og hvernig gangi, deildarstjóri tekur starfsmanninn í tvö viðtöl til viðbótar á fyrstu 6 vikum starfsmannsins í starfi. Deildarstjóri kynnir fyrir starfsmanninum dagskipulag og vinnutilhögun deildarinnar og fer yfir punkta á viðtalsblaði. Handleiðsla: Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri eru í handleiðsluhópum með kollegum sínum í öðrum leikskólum. Deildarstjórar í Núpi handleiða hvern annan einu sinni í mánuði.

### Fjöldi stöðugilda og menntun í september 2016

- Eldhús 1,8 stöðugildi → 2 starfsmenn.
- Stjórnun 1,4 stöðugildi → leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri.
- Deildarstjórar 5 stöðugildi → 3 leikskólakennarar og 2 leiðbeinendur án háskólamenntunar.
- Leikskólakennarar 2,15 stöðugildi → 3 kennarar.
- Uppeldismenntaðir starfsmenn, leikskólaleiðbeinendur A, 1,5 stöðugildi → 2 grunnskólakennarar.
- Háskólamenntaðir starfsmenn, leikskólaleiðbeinendur B, 2 stöðugildi
- Leiðbeinendur 11,70 stöðugildi → 12 starfsmenn.
- Umsjón með sérkennslu 0,75 stöðugildi → 1 leikskólasérkennari
- Stöðugildi vegna sérkennslu 2,88 stöðugildi → 3 leikskólakennarar
- Afleysing á hverri deild er 60 prósent vegna veikinda og undirbúningstíma. Veikindaprósenta er ekki inni í starfsmannaprósentu hveurrar deildar fyrir sig heldur er hún laus í húsinu og fer þar sem mesta þörfin er. Undirbúningsprósentan er bundin við deildir.

## Hreyfing á starfsfólki

Breytingar á starfsmannahópnum voru þó nokkrar sl. haust en samt ekkert í líkingu við það sem var árinu áður. Fyrir utan það sem má kallast hefðbundið fóru þrír starfsmenn í fæðingarorlofi. Deildarstjóraskipti urðu á Lundi og Höfða. Aðstoðarleikskólastjóri sem ráðinn var tímabundið til árs var fastráðin í október.

## Þjóðerni starfsmanna annað en íslenskt

Í dag eru starfsmenn frá Lettlandi, Kína og Mexikó.

## Fundir

Starfsmannafundir eru á skipulagsdögum skólans. Einnig eru kvöldfundir tvisvar á skólaárinu. Deildarfundir eru vikulega á hverri deild, 30 mín. í einu, deildirnar leysa hver aðra af vegna þeirra funda.

Deildarstjórufundir eru 1., 3. og 4. föstudag í hverjum mánuði frá kl. 10:00-11:00

Samráðsfundir leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra eru eftir þörfum hverju sinni.

Handleiðsla deildarstjóra eru 2. föstudag í hverjum mánuði kl 10:00-11:00.

Jafningjahandleiðsla er notuð.

Fagfundir eru fimm yfir veturinn.

## Skipulagsdagar

Á skipulagsdögum munum við meðal annars vinna að skipulagi fyrir veturinn, endurmeta starfið, gera einstaklingsnámskrár og sinna símenntun.

Skipulagsdagarnir verða:

9. september frá kl. 12:00-16:00

7. október frá kl. 8:00-16:00

21. nóvember frá kl. 8:00-16:00

2. janúar frá kl. 8:00-16:00

14. mars frá kl. 8:00-16:00

17. maí frá kl. 8:00-16:00

## Endur- og símenntunaráætlun fyrir starfsárið

Námskeið á vegum leikskóladeildar komum við til með að sækja eins og þörf, vilji og aðstæður leyfa hverju sinni.

Skipulagsdagar verða notaðir til funda, skipulagningar og námskeiða eins og þörf verður fyrir.

Á skipulagsdögum verða örnámskeið í fjölgreindum þar sem reyndir fjölgreindarkennarar leiðbeina þeim nýrri.



## Foreldrasamstarf

Áherslur í samstarfi við foreldra eru:

- að allir foreldrar finni sig velkomna í leikskólann.
- að upplýsingar til foreldra séu sem greiðastar, m.a. nýtum við tölvupóst, fésbókarsíður deilda og með vikulegum pistli frá deildarstjóra með myndum úr starfinu.
- að foreldrar séu meðvitaðir um daglegt líf barnsins í leikskólanum.
- Fundur er fyrir foreldra nýrra barna í júní þar sem við kynnum leikskólann og áherslur okkar.
- Foreldraviðtöl við deildarstjóra eru tvisvar á árinu, í október og mars auk þess sem foreldrar geta fengið viðtal við deildarstjóra eða leikskólastjóra þegar þörf er á.

## Þátttaka foreldra í leikskólastarfinu

- Í september bjóða börnin foreldrum sínum á haustfagnað skólans þar sem boðið er upp á súpu sem gerð er úr grænmeti sem börnin hafa ræktað.
- Í október er karladagur þar sem öllum feðrum, bræðrum og öfum er boðið að vera með okkur eina morgunstund.
- Við málum piparkökur saman eitt síðdegi í desember þar sem börnin bjóða fjölskyldu sinni að vera með.
- Í mars er kvennadagur þar sem öllum mæðrum, systur og ömmum er boðið að vera með okkur eina morgunstund.
- Öllum foreldrum er boðið með í sveitarferð í maí.
- Foreldrafélög Núps og Lindaskóla skipuleggja sameiginlega vorhátíð í byrjun júní.

## Fræðsla og upplýsingar til foreldra

Foreldrar nýrra barna fá allir kynningarrit leikskólans, kynningarit um fjölgreindir og einnig upplýsingablöð um starfsemi foreldraráðs og foreldrafélags Núps.

- Nýir foreldrar eru boðaðir á kynningarfund.
- Kynningar á vetrarstarfi leikskólans verða í september.
- Aðalfundur foreldrafélagsins er í september.
- Deildarstjórar senda foreldrum vikulega smá pistil um starfið í tölvupósti.

## Foreldraráð

Í foreldraráði leikskólans Núps eru:

- þrír til fjórir fulltrúar foreldra sem kosnir eru í atkvæðagreiðslu meðal foreldra á aðalfundi foreldrafélags Núps.

- leikskólastjóri.
  - fulltrúi kennara sem kosinn er í atkvæðagreiðslu meðal kennara
  - fulltrúi starfsmanna sem kosinn er í atkvæðagreiðslu meðal annarra starfsmanna
- Ráðið er kosið í september til eins árs í senn. Fundir í foreldraráði eru haldnir annan hvern mánuð yfir vetrartímann.

### Starfsreglur foreldraráðs

- Leikskólastjóri kallar ráðið saman til fyrsta fundar fyrir 1. október ár hvert.
- Formaður og ritari ráðsins eru kosnir á fyrsta fundi ráðsins. Formaður ráðsins skal kosinn úr hópi foreldra.
- Foreldraráðið ákveður fastan fundartíma annan hvern mánuð á sínum fyrsta fundi.
- Aukafundir eru haldnir ef þurfa þykir.
- Ef tveir aðilar innan ráðsins óska eftir aukafundi skal boða til hans innan viku frá beiðni til formanns.
- Fundargerðir skulu birtar á vef skólans auk þess sem tölvupóstur er sendur á alla foreldra og starfsmenn með hlekk á síðustu fundargerð.
- Ráðið getur kallað til aðra foreldra eða starfsmenn á fund eða til að vinna ákveðin verkefni eftir þörfum hverju sinni.

### Verkefni foreldraráðs

- Mat á leikskólastarfinu
- Þróunarverkefni
- Skólanámskrá
- Starfsáætlun
- Skóladagatal
- Vandamál tengd manneklu og öðrum starfsmannamálum
- Foreldrasamstarf
- Aðbúnaður barna og starfsmanna
- Stefna skólans
- Heimsíða skólans
- Sérkennsla

### Foreldrafélag

Foreldrafélag leikskólans kys sér stjórn á aðalfundi félagsins sem er í lok september. Stjórnin fundar einu sinni í mánuði, tengiliður starfsfólks í stjórn foreldrafélagsins er Sigurlína B Hauksdóttir. Foreldrafélagið stendur fyrir uppákomum s.s. leiksýningum og sveitaferð auk þess að skipuleggja sumarhátíð.

## Samstarf

### Samstarf við grunnskóla

Samstarf við Lindaskóla hefur verið skipulagt í samvinnu Núps, Dals og Lindaskóla. Byrjað er á heimsókn meistara í Lindaskóla í október. Í nóvember koma fyrstu bekkingar í heimsókn í leikskólann. Unnið er skv. skipulagi sem allir skólarnir koma að.

8. nóvember er helgaður baráttunni gegn einelti í samfélaginu og ganga skólarnir að því tilefni saman um hverfið (allir árgangar nema tveir yngstu þ.e. 2014 og 2015).

Dægradvölin er opin leikskólunum til afnota alla mánudagsmorgna og munu meistarar nýta sér það að einhverju leyti.

Samstarf skólastigana hefur verið mjög gott og aukist ár frá ári. Deildarstjórar Brekku og Höfða sjá að mestu leyti um samskiptin við Lindaskóla en leikskólastjóri Núps er einnig í samskiptum við skólastjóra Lindaskóla og Dals vegna samræmingar skipulagsdaga o.fl.

### Samstarf við aðra

Samstarf við sérfræðinga vegna sérkennslubarna fer eftir aðstæðum og þörfum hverju sinni. Sérkennslustjóri sér að mestu um þessi samskipti.

Við eigum einnig gott samstarf við leikskólann Dal meðal annars um sólstöðuhátíð o.fl.

## Nemar

Við höfum gert samstarfssamning við Kennaraháskóla Íslands um menntun kennara. Enginn nemi var hjá okkur síðastliðinn vetur og ekki er fyrirsjánlegt að svo verði heldur þetta árið.

## Öryggismál

Öryggistrúnaðarmaður er Sif Jónsdóttir, öryggisvörður er Svana Kristindóttir og Bryndís Baldvinsdóttir er hennar staðgengill.

Unnið er eftir áætlun um slysavarnir ef barn slasast.

Daglega er farið yfir garðinn áður en börnin fara út til að tryggja að hann sé öruggur.

Á skipulagsdegi í vetur var farið yfir rýmingaráætlun skólans.

Brunaæfingar verða gerðar með reglulegu millibili.

## Lokaorð

Starfsmannamál eru þau mál sem oft á tíðum tekur mestan tíma leikskólastjóra. Að auglýsa eftir fólki, taka fólk í viðtöl, ráða fólk og reka og allt þar á milli. Þökkalega gekk að ráða í þær stöður sem voru lausar núna í haust (2016). Flottur faghópur er í Núpi þennan veturinn þó auðvitað myndum við alveg viljað hafa fleiri fagmenn.

Haustið 2015 var hins vegar mjög erfitt og voru mannaskiptin mikil. Einhvern veginn gekk samt að manna stöðurnar og fengum við margt mjög efnilegt fólk. Sumir eru hjá okkur enn en aðrir stoppuðu styttra við. Deildarstjóraskipti urðu á þremur deildum af fimm og aðstoðarstjóraskipti einnig. Það er alltaf auka álag þegar þjálfar þarf margt nýtt fólk og halda að sama skapi úti öflugum skólustarfi. Eðlilega er eitthvað sem við þurfum að bakka með og/eða gera minna af en við vildum þegar þannig háttar til. Skipulagt starf eins og snillikennsla gekk samt alveg upp á eldri gangi og féllu tímar sjaldan niður. Á yngri gangi gekk snillikennslan ekki eins vel og var fyrirkomulagi hennar breytt. Eins og á eldri gangi féll snillikennsla á yngri gangi sjaldan niður þrátt fyrir erfiðleika í skipulaginu.

Stór hópur 6 ára barna fór frá okkur um sumarfrí, einn af þeim stærri frá upphafi. Börnin sem fluttu yfir á eldri gang voru mjög spennt fyrir breytingunum og nýju meistarnir okkur einnig. Það er alltaf stórt skref að flytja á eldri gang og einnig að verða meistari. Meistararnir hafa ákveðna sérstöðu, verkefni þeirra breytast og hlutverk í barnahópnum einnig. Aðlögun gekk vel á öllum deildum. Yngstu börnin eru fædd í júní 2015 og eru þau saman á Lundi - samtals 16 árs gömul börn.

Framundan er spennandi vetur og margt nýtt á ferð eins og sjá má í þessari áætlun. Má þar helst nefna morgunmatinn, aukið upplýsingaflæði til foreldra með tilkomu facebookhópa fyrir hverja deild, þróunarverkefni í leikskólum Kópavogs um málþroska og læsi o.fl.